

REGLUGERÐ

um skipun slökkviliðs og brunamála í Flateyrarkauptúni.

I. KAFLI

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Stjórn brunamála í kauptúninu skal falin 3 manna nefnd og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóri og einn maður, er hreppsnefndin kýs til 3 ára í senn.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi, undir umsjón hreppsnefndar, eftirlit með, að fyrirmælum laga um brunamál og reglugerðar þessarar, sé í einu og öllu framfylgt, nema sérstaklega heyri beinlínis undir verksvið hreppstjóra eða slökkviliðsstjóra.

II. KAFLI

Hver slökkvitæki kaupstaðurinn skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Flateyrarkauptúni er skylt að eiga í nothæfu ástandi að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld:

7 brunahana á vatnsleiðslum kauptúnsins 300 metra slöngur með tenglum, brunalúður, áhaldakerru og áhaldasleða, brunasegl og björgunarsegl auk annara minni áhalda.

Áhöldum öllum skal á kostnað sveitarsjóðs haldið vel við. Skal smyrja vélar og vagna svo oft sem þess er þörf og reyna dætur ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka slökkvitækin eða endurnýja þau, skal hún senda hreppsnefnd skriflega tillögu þar um. Áður en hreppsnefnd tekur ákvörðun um tillöguna skal leitað umsagnar Brunabótafélags Íslands.

3. gr.

Öll tæki til brunavarna skulu geymd í Slökkvistöðinni. Skal þeim haganlega fyrir komið, svo greiður verði gangur að þeim, er þarf á að halda. Lykill að slökkvistöðinni skal vera í vörslum slökkviliðsstjóra, og svo margra úr slökkviliðinu, sem þurfa þykir. Brunamálanefnd getur ákveðið að geyma 1 lykil í smáskáp með glerloki fyrir, er hangi utan á slökkvistöðinni. Slökkvistöðinni skal haldið við á kostnað sveitarsjóðs.

4. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir undir umsjón brunamálanefndar eftirlit með slökkvitækjunum, og ber hann ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim

sé vel við haldið. Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá **111**
 yfir slökkvitæki þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið hver slökkvitæki 16. nóv.
 hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

III. KAFLI

Hver slökkvitæki húseigandi skuli útvega sér, og láta fylgja húsi sínu.

5. gr.

Slökkviliðsstjóri skal tryggja slökkviliðinu afnot lausastiga á hæfilega mörgum stöðum víðsvegar í kaптúninu er eldsvoða ber að höndum.

Hverju timburhúsi, þar sem íbúðarherbergi eru á 2 eða 3 hæðum, ofan kjallara, skal fylgja nægilega langur krókstjaki og traustur stigi, er sé svo langur, að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins. Skal stiginn og krókstjakinn geymdur á tilteknum stað, er sé aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

6. gr.

Brunamálanefnd getur að fengnu samþykki hreppsnefndar látið setja í sér hverju húsi, þar sem óvenjuleg eldhætta er (samkomuhús, kvikmyndahús, smíðastofur þar sem eldfim efni eru), slökkvitæki í sambandi við vatnsveitu hússins. Húseigandi er skyldur til að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og má ekki nota þau til neins annars en þess að verja eldsvoða, eða slökkva eld.

Brunamálanefnd getur skyldað húseigendur, þar sem óvenjuleg brunahætta er, til þess að útvega á eigin kostnað, og hafa á tilteknum stað í húsinu, slökkviliðshöld af þeirri gerð er Brunabótafélag Íslands tekur gild.

IV. KAFLI

Skylda borgaranna til þess að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðs.

7. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans, vara-slökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal tvisvar árlega (í marz og september) á stað þar sem festar eru upp aðrar sveitarstjórnarauglýsingar, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu.

Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri, mega aldrei vera báðir burtu úr kaupstaðnum í senn, nema alveg sérstaklega standi á, og þó því aðeins, að þeir tilkynni brottför sína tímanlega, og settur sé slökkviliðsstjóri í þeirra stað á meðan í samráði við brunamálanefnd.

8. gr.

Allir verkfærir karlmenn 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kaптúninu, að undanskildum presti, læknum, lyfsala og sírstjóra, og þeim mönn-

- 111 um, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun séu ekki færir til
 16. nóv. vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu. Mæti svo margir við æfingar eða eldsvoða, að eigi sé þörf fyrir alla, skulu þeir elstu ganga fyrir með hvíld.

9. gr.

Í slökkviliði kaupsins skulu að minnsta kosti vera fast ráðnir þessir menn: Slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri, 16 liðsmenn og 2 brunaboðar.

10. gr.

Hreppsnefnd skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra, eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins, eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til þess, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en þó skal hann gera brunamálanefnd grein fyrir brottrekstrinum, og ræður hún síðan menn í stað þeirra, sem vikið hefir verið úr liðinu. Allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara ef þeir af gildum ástæðum ekki geta gegnt starfi sínu í slökkviliðinu. Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra ef þeir fara burt úr kaupstaðnum daglangt, og liggur sekt við ef út af er brugðið.

11. gr.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri hafa fasta þóknun fyrir starfa sinn, sinn, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar. Öðrum liðsmönnum slökkviliðsins, og þeim, er það kann að kalla til hjálpar, getur hreppsnefnd ákveðið greiðslu fyrir vinnu þeirra í þágu brunamálanna, samkv. gjaldskrá, er hún semur í janúar ár hvert.

Þeir, sem skemma fót sín í þágu slökkviliðsins, eiga rétt á því að fá skemmdirnar endurgoldnar úr sveitarsjóði eftir mati, nema öðruvísi semjist um.

12. gr.

Hreppsnefnd ákveður, eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skal bera þegar það er að starfi sínu.

13. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á, að ávallt sé nægilega margir í slökkviliðinu og það sé vel æft.

Þegar eldsvoða ber að höndum ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið og allt hvað gera skuli til þess að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess, er fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnum,

sem slökkviliðsstjóri, í samráði við brunamálanefnd, hefir fyrirfram ákveðið til þess.

111
16. nóv.

14. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan lögsagnarumdæmis kaupsins, og hlýða þá í öllum atriðum öllu því, er yfirmaður hans skípar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanns yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið.

15. gr.

Hreppstjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Brunamálanefnd kveður í flokk þennan eftir tillögum lögreglustjóra hæfilega marga menn meðal þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu. Hreppstjóri ákveður, í samráði við slökkviliðsstjóra, skipulag rögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni. Skyllt er lögreglusveitinni að halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum og annast um, að engir óviðkomandi menn gangi of nærri húsi því, sem brennur, eða flytji þaðan neitt burtu.

Ennfremur sér lögreglusveitin um bjargaða muni, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, er verða fyrir slysum, vísar burtu eða tekur fasta þá er sekir verða um brot og kærir þá.

Umferð má banna um götur, þar sem þess þarf með.

V. KAFLI

Um vatnstöku, vatnsburð o. fi.

16. gr.

Heimilt er að taka vatn til þess að slökkva eld og til æfinga úr brunnum og vatnsbólum hvar sem er. Skyllt er sérhverjum húseiganda að leyfa að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva eld, og má enginn sem í húsinu er leggja tálmanir fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu.

Þegar verið er að slökkva eld er sérhverjum húseiganda skyllt að leyfa slökkviliðinu tálmunarlaust aðgang um lóð sína, en fullt endurgjald komi fyrir skemmdir, ef einhverjar verða.

Ef hús brennur er sérhverjum skyllt að lána þau tæki, er hann hefir, til þess að flytja vatn og tæki slökkviliðsins. Ef tæki, sem hefir verið lánað, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr sveitarsjóði.

Meðan verið er að slökkva eld eru bæjarbúar, er vatn taka úr sömu vatnsveitu eða brunnum, skyldir að takmarka vatnsnotkun sín sem mest má verða.

111

16. nóv.

17. gr. Það er skylda allra, sem viðstaddir eru eldsvoða, hvort sem þeir eru í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem þeir geta, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

VI. KAFLI

Um skoðun eldfæra og reykháfa.

18. gr.

Reykháfa alla skal hreinsa tvisvar á ári; þó getur hreppsnefnd, eftir tillögum brunamálanefndar, ákveðið að hreinsun skuli fara fram oftar, ef sérstakar ástæður eru til. Brunamálanefnd skal eftir fyrirmælum hreppsnefndar einu sinni á ári hverju láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum kauptúnsins, og líta eftir að þau séu útbúin lögum samkvæmt, og að reykháfar hafi verið nægilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort púðurbirgðir, sprengiefni og önnur eldfim og hættuleg efni séu geymd sem vera ber samkvæmt lögum um brunamál og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Skoðunarmenn skulu og líta eftir, hvort stigar og krókstjakar eru nothæfir og geymdir þar sem þeir eiga að vera. Á sama hátt skal líta eftir sérstökum slökkvitækjum, ef þau eiga að vera í húsinu. Skoðunarmenn skulu gera skýrslu um skoðunina, er afhendist brunamálanefnd og sendist Brunabótafélagi Íslands ef óskað er.

Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu efni, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til þess að lagfæra gallana; skal þá að frestinum liðnum ný skoðun fara fram. Komi þá í ljós við hina síðari skoðun, að enn sé ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og lætur á hans kostnað færa í lag það er lagfæra þarf.

VII. KAFLI

Um brunaboðun.

19. gr.

Það er skylda hvers eins, er verður var við eldsvoða, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturverðir, ef nokkrir eru, skulu á göngum sínum um kauptúnið hafa sérstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum, og tilkynna það þegar í stað slökkviliðsstjóra, brunboðum og öðrum úr slökkviliðinu, hreppstjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gerð, slökkviliðið kallað saman með því að hefja brunakall um kaupstaðinn með brunalúðrum.

VIII. KAFLI

Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

111

16. nív.

20. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða almannaferi, eða milli húsa eða í görðum, má ekki setja lausar eldstór eða hlóðir, nema leyfi sé veitt til þess af slökkviliðsstjóra, og ákveður hann þá hvernig eldstæðið skuli búið út og hverra varúðarreglna skuli gætt. Þegar slíkt er leyft skulu menn alltaf vera við eldinn meðan logandi er í hlóðunum. Hið sama er og um lýsisbræðslu, tjörugerð og bikgerð og bikun á veiðarfærum. Milli húsa eða úti við má ekki bera eldsglæður nema í lokuðum málmkössum. Á verzlunarlóðinni má ekki kveikja bál eða halda brennu nema leyfi hreppstjóra komi til.

21. gr.

Eldivið, steinkol eða mó, og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir brunamálanefnd aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldshætta að marki. Mikið af trjám og borðvið má því aðeins hafa utanhúss, að brunamálanefnd leyfi. Ákveður hún um leið og hún veitir leyfið, hversu stór trjástaflinn megi vera, hve langt bil skuli vera á milli þeirra, og minnstu fjarlægð frá næsta húsi, sem þó má aldrei vera minni en 6 metrar.

Það skal yfirleitt ekki leyft að hafa viðarstafla hærrí en 4 metra og ekki stærri að flatarmáli en 40 fermetra, enda standi þá staflarnir ekki nær hver öðrum en svo, að 2 metra bil sé á milli þeirra, og ekki nær næsta húsi en 6 metra. Birgðir af steinolíu, benzini, terpintinu eða öðrum eldfimum vökvum skulu ætíð geymdar í húsum inni eða í mannheldum girðingum, og hvergi nema þar sem hreppsnefnd samþykkir. Þó má ekki geyma birgðir af vökvum þessum nema í steinhúsum með steinsteyptum loftum eða steinsteyptum kjöllum með steinloftum og steingólfum. Um undanþágu frá þessu fer samkvæmt lögum um brunamál. Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annarsstaðar í óleyfi hreppsnefndar, má hreppstjóri láta flytja þær í burtu á kostnað eiganda.

22. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpintinu, benzini eða áþekktum eldfimum vökvum skal eftirfarandi varúðarreglum fylgt:

- Séu birgðirnar meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzini eða álíka eldfimum vökvum, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, enda þótt það sé birgt í ljóskeri, ekki kveikja á eldspítum né reykja þar tóbak. Þar mega heldur ekki vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur, sem eldhætta getur stafað af.
- Séu birgðirnar ekki meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzini eða álíka eldfimum vökvum, og þær geymdar utanhúss, í görðum eða portum þar sem ekkert hús er nær en 6 metrar, má því aðeins bera þar um ljós,

111
16. n.óv.

- að það sé í lokuðu ljóskeri, en eld má ekki kveikja þar né bera. Ekki má heldur taka þar ljósvökva úr tunnu eða stærra íláti við ljós, nema ljósið sé í lokuðu ljóskeri og það látið hanga í a. m. k. 2 metra fjarlægð. Séu slíkar birgðir geymdar innanhúss, skal gæta sömu varúðar og undir a.-lið.
- c. Birgðir allt að 200 lítrum af steinolíu eða 10 lítrum af benzíni eða álíka eldfimum vökvum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmiláti eða lokuðum flöskum. Skal þó gætt sömu varúðar og undir a.-lið.
 - d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er um með eld eða ljós, má ekki taka úr íláti neinn ljósvökva með blossamarki undir 40 stiga hita hundr- aðsmælis (Celsius), t. d. benzín.
 - e. Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni, í sölustöðum eða smíðahúsum, skal gætt allrar varúðar. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi skal hann þurrkaður upp þegar í stað svo vel sem hægt er. Í húsinu má ekki geyma eldfima hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sé höfð ábreiða sem ekki er eldfim. Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af steinolíu eða 40 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má engin vinna fara fram nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo óviðkomandi komist þar ekki inn.
 - f. Benzíngeyma má hvergi setja upp meðfram götum kaupsins, nema samkvæmt fyrirlagi hreppstjóra að fengnum tillögum brunamálanefndar. Hvergi má setja þá nær steinhúsum en 15 metra og ekki nær timburhúsum en 25 metra, og skal frágangur allur vera svo rammbyggilegur, að sem minnst eldhætta stafi af. Tóbaksreykingar mega ekki fara fram í nánd við geymana. Tæmdar benzíntunnur skal jafnharðan flytja í burtu.
 - g. Landflutningur á benzíni og olíu í stærri stíl, svo og fylling benzín- og oliu- geyma má ekki fara fram nema undir eftirliti sem framkvæmt er eftir fyrirmælum brunamálanefndar, og skal það kostað af eiganda eða farms- móttakanda.
 - h. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg þar sem það er auðvelt til aflestrar.

23. gr.

Í smíðahúsum handiðnaðarmanna, sem fást við trésmíði, skal gæta þess- ara varúðarreglna:

- a. Eld má ekki fara með, nema í eldstæðinu eða ofninum, og tóbaksreykingar skulu bannaðar. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málm, er sé að minnsta kosti 50 cm. á hæð, og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr ofninum detti í kassann.
- b. Þegar límpottur er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu er nái a. m. k. 8 cm. út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við.

- c. Þar sem ekki er rafmagnsljós má eingöngu nota steinolíuveggglampa eða lokað ljósker, en hvorki borðlampa eða kertaljós. 111
16. nív.
- d. Ekki má fleygja eldspýtu á gólfið, þegar kveikt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða á annan stað þar sem vissa er fyrir, að hún geti ekki kveikt eld frá sér.
- e. Tréspænicir, hey eða aðrir slíkir eldfimur hlutir mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfið dag frá degi. Á hverjum degi að endaðri vinnu skal þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu, eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tréspónum skal geyma í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.
- f. Miklar birgðir af trésmíðaefni mega ekki liggja í göngum eða stigum, og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi brunamálanefndar komi til. Handiðnarmenn, sem fást við trésmíði og járnsmíði, mega ekki geyma meira viðarsmíðaefni í járn- eða trésmíðju sinni en þarf til þess að vinnan verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.
- g. Þegar vinnunni er lokið að kveldi, og áður en smíðirnir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.
- h. Í sérhverju smíðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatnskrani með viðfestri slöngu, ella skal vera þar slökkvitæki með slökkvivökva, af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gilda. Brunamálanefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum fyrir verkstaði, þar sem vinna að jafnaði aðeins 1—2 menn.
- i. Í sérhverju smíðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum fest upp á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um að reglum þessum sé hlýtt og hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt í meðferð á eldi og ljósi.

IX. KAFLI

Um slökkviliðið.

24. gr.

Fastir starfsmenn slökkviliðsins (sbr. 9. gr.) skulu skipa þessa flokka:

1. Björgunarflokkur	4 liðsmenn
2. Húsrifsflokkur	2 —
3. Vatnsslönguflokkur	4 —
4. Dæluflokkur	4 —
5. Vatnsburðarflokkur	2 —
6. Brunaboðar	2 —

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir flokkana. Hann skal og árlega semja skrá yfir alla, sem skyldir eru að mæta samkvæmt 8. gr., og skal hverjum

111 einum tilkynnt í hvaða flokki hann skuli vera. Að lokinni æfingu eða eldsvoða 16. nóv. skal merkja í skránni við alla þá, sem hafa mætt.

25. gr.

- a. Fjórum ákveðnum mönnum úr björgunarflokknum er skylt að mæta þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt sem unnt er. Hinir sjá um flutning stiga og annara björgunartækja á brunastaðinn. Fyrsta verk björgunarflokksins skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum, og síðast öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast undantekningarlaust. Allt sem hann bjargar skal fara vel með og koma því á svo óhultan stað sem unnt er. Enga björgun má framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað. Slökkviliðsstjóri skipar einn úr flokki þessum sem flokksstjóra, sem hann getur sérstaklega snúið sér til með skipanir sínar, sem og til hinna annara flokksstjóra, er skipaðir kunna að verða.
- b. Húsrífsflokkur skal hafa á hendi að rífa það sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skal hann ávallt vera með sín ákveðnu verkfæri á brunastaðnum, og aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirætlum slökkviliðsstjóra.
- c. Vatnsslönguflokkur skal sjá um, að allar slöngur og vatnsgeymar komi á brunastaðinn, jafnframt dælunum, og skal hann koma slöngunum svo fyrir að þægilegt sé að drepa eldinn. Síðan skal flokkurinn starfa sem bunnustjórar eftir fyrirskipunum yfirmanna.
- d. Dæluflokkur skal mæta við slökkvistöðina svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum, og hafa dælurnar í góðu standi, flytja þær þang- að sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir, setja véldælurnar í gang og láta þær dæla, og knýja handdæluna, verði hún notuð. Einnig skulu þeir aðstoða vatnsslönguflokkinn við samsetningu slangnanna.
- e. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að blása í lúðra, eða á annan hátt, sem fyrirskipað er af brunamálanefnd. Sé það að næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns, þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um að hann hafi orðið þeirra var. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu og hústölu þar sem eldurinn er. Skulu þeir að afloknu brunakalli skyldir til að mæta á brunastaðnum og vinna þar það sem slökkviliðsstjóri leggur fyrir þá. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviliðs-æfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.
- f. Vatnsburðarflokkur skal ákveðinn af slökkviliðsstjóra í samráði við brunamálanefnd. Fyrirliðar flokksins geta skipað hverjum sem er úr flokknum að aðstoða sig eftir þörfum með flutning á vatnsfötum til og frá slökkvistöðinni, að viðlögðum sektum, sbr. 28. gr.

26. gr.

Árlega skal halda minnst 3 æfingar, og er liðsmönnum öllum (sbr. 9. gr.) skylt að mæta þar eins og við eldsvoða, sömuleiðis þeim mönnum öðrum úr

skylduliðinu (sbr. 8. gr.), er slökkviliðsstjóri gerir aðvart. Slökkviliðsstjóri ákveður hvenær æfingar skuli haldnar, en gæta skal um það hagræðis liðsmanna. og skylduliðs. Skal halda skýrslu um æfingar og senda hana í byrjun hvers árs til Brunabótafélags Íslands til athugunar. **111** 16. nóv.

27. gr.

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal, og gera sér far um að taka öllu með gætni og stillingu og vera fljótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

28. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við að óvarlega er farið með eld eða á annan hátt brotið á móti brunamála­reglugerð kaupstaðarins, vanda um við þá sem gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt sem unnt er.

29. gr.

Allir liðsmenn eru skyldir til að mæta á slökkvistöðinni, að undanskildum nokkrum hluta björgunarliðsins, sbr. 25. gr., nema þeir séu þess fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn, og ber þeim öllum skylda til að sjá um, að þau komist á brunastaðinn í nothæfu ástandi. Enginn má fara af brunastaðnum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra. Engin forföll eru tekin gild, önnur en veikindi eða fjarvera úr lögsagnarumdæminu.

X. KAFLI

Sektarákvæði o. fl.

30. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki allt að 100 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 1. desember 1933 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. nóvember 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.